



Umsögn: Mál nr. 220/2021 Reglugerð um Kvikmyndasjóð
Sendandi: Félag íslenskra leikara og sviðslistafólks

Reykjavík 13. desember 2021

Félag íslenskra leikara og sviðslistafólks (FÍL) fagnar nýrri reglugerð um Kvikmyndasjóð.

Í reglugerðinni er nokkuð lagt upp úr jafnrétti og við bendum á að kjarasamningar eru nauðsynlegt tæki til að tryggja launajafnrétti, eða í það minnsta sama gólf fyrir alla. Við söknum þess að ekki skuli ávarpað í reglugerðinni að farið sé eftir kjarasamningum við listamenn og rétthafa.

Kjarasamningar stuðla að betri meðferð á opinberum fjármunum og fjárhagsáætlun verkefnis hlýtur að verða bæði gagnsærri og trúverðugri ef á bak við stóran kostnaðarlið eins og t.d. laun leikara eru raunverulegar tölur sem hægt er að ganga úr skugga um að standist skoðun.

Í 11. og 14. grein reglugerðarinnar er talað um fyrirbyggjandi samninga við rétthafa. Leikarar eru rétthafar og þó við gerum ekki kröfu um að fyrir liggja undirskrifaðir samningar við einstaklinga þá styrkir það stöðu allra og ekki síst innviði kvikmyndagerðarinnar að fyrir liggja kjarasamningar. Í tilfelli leikara kjarasamningur frekar en samningar einstaklinga sem í flestum tilfellum byggja á leynd og stuðla að ójafnrétti og óheilbrigðu samningssumhverfi fyrir listamennina.

Við leggjum því til að í grein 3 um almenn skilyrði styrkveitinga sé bætt við ákvæði um að til að verkefni hljóti styrk skuli það bundið því skilyrði að listamenn séu ráðnir til starfa á grundvelli kjarasamnings.

Virðingarfyllst

f.h. stjórnar FÍL

Birna Hafstein, formaður

Hrafnhildur Theodórsdóttir, framkvæmdastjóri